

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2022, miðvikudaginn 2. mars var haldinn 239. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 13:06. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði, með vísan til heimilda í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild, Lárus Finnbogason, Sunna Jóhannsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Einar S Hálfðánarson. Fundarritari var Hallur Símonarson.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á ársreikningi 2021 ásamt endurskoðunarskýrslu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur sef. IE21080015  
Bjarni Már Jóhannesson, Davíð Arnar Einarsson, Theodór S Sigurbergsson, Sturla Jónsson, Bjarni Freyr Bjarnason, Bryndís María Leifsdóttir og Elín Smáradóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti

Samþykkt að fela formanni að ganga frá og kynna umsögn endurskoðunarnefndar til stjórnar OR.

Kl. 14:30 víkur Einar S Hálfðánarson af fundi

2. Lagt fram erindi frá Grant Thornton dags. 28. febrúar um þjónustu utan verksamnings sem snýr að því að gefa viðbótar álit í áritun ytri endurskoðenda vegna ESEF-skýrslugerðar. IE22030001

Samþykkt með vísan til III. kafla starfsreglna endurskoðunarnefndar er samþykktar voru 29. september 2017.

### Fundi slitið kl. 14:40

Lárus Finnbogason

Sunna Jóhannsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir